

Ár 2007, fimmtudaginn 29. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, í málinu nr.

S-152/2007:

Ákærvaldið

(Karl Gauti Hjaltason, sýslumaður)

gegn

Magnúsi Frey Valssyni

(Stefán Karl Kristjánsson hdl.)

uppkveðinn svofelldur

D Ó M U R:

Mál þetta, sem þingfest var 9. maí s.l. og dómtekið að lokinni aðalmeðferð 14. nóvember sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans í Vestmannaeyjum, dagsettri 19. mars 2007, á hendur Magnúsi Frey Valssyni, kt. 000000-0000, Kirkjubæjarbraut 17, Vestmannaeyjum, „fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 13. nóvember 2006, ekið bifreiðinni MG-452 undir áhrifum áfengis (alkóhólmagn í blóði 2,20%) frá heimili sínu að Kirkjubæjarbraut 17 að Strandvegi 107 í Vestmannaeyjum þar sem hann skildi bifreiðina eftir í gangi fyrir utan Fiskverkunina Frey en var sjálfur innandyra þegar lögregla kom á staðinn“.

Ákærvaldið telur brot ákærða varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1997, sbr. 1. mgr. 100. gr. áðurnefndra umferðarlaga.

Ákærvaldið krefst þess að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 2. mgr. 102. gr. nefndra umferðarlaga.

Verjandi ákærða krefst þess að hann verði sýknaður, en til vara að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfi. Þá krefst hann málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik.

Í frumskýrslu segir að lögreglu í Vestmannaeyjum hafi borist tilkynning frá Arnari G. Hjaltalín kl. 03:35 mánudaginn 13. nóvember 2006 þess efnis að ökumaður svartrar SAAB skutbifreiðar væri ölvæður við aksturinn og væri að fara frá Kirkjubæjarbraut 17 á bifreiðinni. Lögreglan hóf þegar leit að bifreiðinni og framan við hús nr. 107 við Strandveg fannst bifreiðin MG-452 og var hún í gangi. Lögreglumenn drápu á aflvél bifreiðarinnar og náðu tali af ákærða, sem þar var staddur innan dýra. Segir í lögregluskýrslu að hann hafi greinilega verið mjög ölvæður og sagðist hann hafa lánað vini sínum, Árna Péturssyni, bifreiðina og hefði hann ekið henni á vettvang og skilið hana eftir í gangi fyrir framan Fiskverkunina Frey sem þarna mun vera til húsa. Kvaðst ákærði ekki vita hvar Árni væri og var ákærði þá færður á lögreglustöð vegna frekari rannsóknar málsins. Í lögregluskýrslu er haft eftir ákærða að hann hafi verið við drykkju heima hjá sér, farið síðan á Kaffi Drífanda og haldið drykkju áfram á heimili sínu ásamt Árna. Ákærði kvaðst ekki hafa drukkið eftir að hann kom í Fiskverkunina. Ákærða var tekið blóð og þvag til alkóhólrannsóknar og samkvæmt álitsgerð rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði reyndist magn alkóhóls í blóði hans vera 2,20‰.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu morguninn eftir skýrði ákærði svo frá að hann hefði ekki hugmynd um hver hefði ekið bifreiðinni og kvaðst ekki leggja í vana sinn að aka undir áhrifum áfengis. Hann kvaðst hafa verið að horfa á knattspyrnuleiki ásamt Árna og hefðu þeir neytt áfengis. Þeir hafi farið á veitingastaðinn Drífanda og síðan heim til ákærða milli kl. 02:00 og 02:30. Þegar þeir hafi verið nýkomnir heim hafi Arnar, sem búi á efri hæðinni, komið niður og kvartað yfir hávaða. Árni hafi síðan farið og þá kvaðst ákærði hafa farið út en ekki muna hvernig hann hafi komist niður á Strandveg. Kvaðst hann muna næst eftir sér á Strandveginum þar sem hann hafi verið að skrifa bréf í tölvu. Ákærði kvaðst ekki hafa drukkið áfengi eftir að hann kom á Strandveginn. Ákærði gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 24. janúar s.l. og voru honum þá kynntar niðurstöður alkóhólrannsóknna í blóði og þvagi. Hann gerði engar athugasemdir við þessar rannsóknir en kvaðst vilja draga fyrri framburð sinn til baka, enda hafi hann vart verið viðræðuhæfur þegar hann hafi verið yfirheyrður. Ákærði kvaðst ekki vita hver ók bifreiðinni þar sem hann hafi verið undir það miklum áhrifum áfengis að hann myndi ekki hvað gerðist.

Framburður ákærðu og vitna.

Ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu málsins í Vestmannaeyjum 9. maí s.l. Hann óskaði eftir skipun verjanda og fresti áður en hann tjáði sig um sakarefnið. Í þinghaldi 13. júní s.l. í Vestmannaeyjum kom fram að ákærði hefði fyrir misskilning mætt í dómsal embættisins á Selfossi ásamt verjanda sínum. Kom fram í símtali við verjanda ákærða að hann neitaði sök og var aðalmeðferð málsins þá ákveðin miðvikudaginn 12. september s.l. Aðalmeðferðinni var síðan frestað til miðvikudagsins 10. október s.l., en þar sem verjandi ákærða var veðurtepptur upp á landi var aðalmeðferðinni frestað til miðvikudagsins 14. nóvember s.l. Ákærði kom þá ekki fyrir dóm og voru ekki gerðar athugasemdir við það af hálfu sakflytjenda.

Vitnið Arnar G. Hjaltalín skýrði svo frá fyrir dómi að ákærði hafi leigt hjá honum og hefði umrætt kvöld verið með hávaða. Kvaðst hann hafa farið niður og beðið hann að hafa hljótt. Hafi hávaðinn haldið áfram og kl. 2 um nóttina kvaðst hann hafa farið aftur niður. Hafi Árni, sem einnig hafi verið í íbúð ákærða, farið um 30-45 mínútum síðar en um kl. hálfjögur kvaðst hann hafa heyrt bakdyrnar opnast og heyrt skruðninga í möl. Hann kvaðst hafa séð ákærða fara inn í bifreið sína og aka í burtu. Hann kvaðst hafa hringt á lögreglu enda hafi honum fundist ófært að ákærði æki bifreið „svona svakalega fullur“, eins og hann komst að orði. Vitnið kvað engan annan hafa verið með ákærða þegar hann ók á brott.

Vitnið Árni Sigurður Pétursson skýrði svo frá fyrir dómi að hann hafi verið að skemmta sér ásamt ákærða umrætt sinn og hafi þeir verið að drekka áfengi. Hafi þeir farið heim til ákærða eftir miðnættið og hafi þeir farið að horfa á videó og spjalla saman. Hafi húsráðandi á efri hæð komið og kvaðst vitnið hafa heyrt hann kvarta undan hávaða frá þeim. Vitnið kvaðst fljótlega hafa farið heim til sín eða milli tvö og hálf þrjú um nóttina. Vitnið kvaðst ekki hafa verið undir miklum áfengisáhrifum. Vitnið kannaðist við að hafa ekið bifreið ákærða fyrir um daginn en kvaðst ekki hafa ekið honum umrædda nótt, enda kvaðst hann ekki aka undir áhrifum áfengis. Vitnið kvaðst hafa gengið heim til sín og farið að sofa. Vitnið kvað ákærða hafa verið niðurdreginn enda hafi verið erfiðleikar hjá honum í einkalífi og í vinnu.

Vitnið Pétur Steingrímsson, lögregluvarðstjóri, skýrði svo frá fyrir dómi að borist hafi tilkynning um að ákærði væri að aka frá heimili sínu og væri hann sennilega ölvaður. Hafi verið hafin leit að ákærða og hafi bifreið hans fundist eftir 10 til 20 mínútur fyrir utan vinnustað hans. Hafi bifreiðin verið í gangi og ákærði komið til dyra eftir að vitnið bankaði og hafi hann verið áberandi ölvaður. Hann hafi strax neitað að hafa ekið bifreiðinni og sagt félagi sinn Árna hafa ekið henni. Ákærði hafi verið færður á lögreglustöðina og í framhaldi af því hafi verið tekin blóð- og þvagsýni úr honum.

Vitnið Jón Bragi Arnarson, lögregluvarðstjóri, skýrði svo frá í símaskýrslu fyrir dómi að borist hafi tilkynning um ölvaðan ökumann sem væri að fara frá heimili sínu. Hafi verið höfð afskipti af ákærða á vinnustað hans, en bifreiðin hafi fundist í gangi þar fyrir utan eftir 10-15 mínútur. Vitnið kvaðst hafa drepíð á bifreiðinni og læst henni og hafi ákærði komið til dyra eftir að Pétur bankaði. Hafi ákærði verið áberandi ölvaður og var hann færður á lögreglustöðina.

Niðurstaða.

Ákærði hefur kosið að tjá sig ekki um sakarefnið fyrir dómi en við yfirheyrslu hjá lögreglu hefur hann skýrt frá því að hann viti ekki hver ók bifreiðinni, enda hafi hann verið undir það miklum áfengisáhrifum að hann myndi ekki hvað gerðist. Vitnið Arnar hefur borið að hann hafi séð ákærða fara inn í bifreið sína við heimili sitt og aka henni brott. Hann tilkynnti lögreglu um ferðir ákærða og skömmu síðar fannst bifreiðin í gangi fyrir utan vinnustað hans. Vitnið Árni hefur borið að hann hafi verið við drykkju ásamt ákærða á heimili hans en gengið heim til sín milli kl. tvö og hálf þrjú um nóttina. Vitnið kannaðist ekki við að hafa ekið bifreið ákærða um nóttina en hann kvaðst hafa ekið henni fyrr um daginn. Fljótlega eftir að tilkynnt hafði verið um akstur ákærða fundu lögreglumenn bifreið hans í gangi fyrir utan vinnustað hans, en þar var ákærði staddur innan dyra.

Þegar öll gögn málsins eru virt, sérstaklega framburður vitnisins Arnars, verður að telja það nægjanlega sannað, svo hafið sé yfir allan skynsamlegan vafa, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í ákæru. Hefur ákærði því unnið sér til refsingar.

Samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur ákærði áður sætt refsingu fyrir ölvunarakstur, hann var dæmdur 6. nóvember s.l. í 160.000 króna sekt fyrir slíkt brot og sviptur ökurétti í 2 ár frá þeim degi að telja. Refsing ákærða nú er hegningaráuki við þennan dóm og verður ákveðin samkvæmt reglum 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 100.000 krónur í sekt til ríkissjóðs sem ákærða ber að greiða innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa en sæta ella fangelsi í 8 daga.

Í ákæruskjali er þess einnig krafist að ákærði verði dæmdur til sviptingar ökuréttar og er í því sambandi vísað til 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga. Eins og það lagaákvæði hljóðar nú, sbr. 18. gr. laga nr. 66/2006, skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en eitt ár neiti stjórnandi vélknúins ökutækis að veita atbeina sinn við rannsókn máls. Er augljóst að þetta ákvæði á ekki við hér, enda var upplýst við munnlegan flutning málsins að um mistök væri að ræða og hefði láðst að vísa í ákæru til breytingar á umferðarlögum með lögum nr. 66/2006 og hafði tekið gildi þegar framangreint brot ákærða var framið. Fyrir gildistöku laga nr. 66/2006 var svo kveðið á í 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga að bryti ökumaður gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. laganna, varðaði það sviptingu ökuréttar ekki skemur en eitt ár. Samkvæmt 5. mgr. 102. gr. umferðarlaga, sbr. 18. gr. laga nr. 66/2006, skal stjórnandi vélknúins ökutækis sviptur ökurétti eigi skemur en tvö ár hafi hann brotið gegn 45. gr. og vínandamagn í blóði hans er yfir 2‰ eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér fer yfir 1,00 milligramm í lítra lofts. Það er meginregla í opinberu réttarfari að ekki verði dæmdar aðrar kröfur á hendur sakborningi en þær sem ákæruvaldið gerir, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991. Samkvæmt 1. mgr. 118. gr. sömu laga getur ákærandi breytt eða aukið við ákæru með útgáfu framhaldsákæru til að

leiðréttu augljósar villur eða ef nýjar upplýsingar gefa tilefni til. Framhaldsákæru skal gefa út ekki síðar en þremur vikum eftir að þörfin á henni er kunn, en framhaldsákæra var ekki gefin út í máli þessu. Af framangreindu leiðir að ekki verður byggt á 5. mgr. 102. gr. umferðarlaga eins og henni var breytt með 18. gr. laga nr. 66/2006 og eins og ákæra er úr garði gerð verður því talið að ekki sé af hálfu ákærvalds gerð krafa um lengri sviptingu ökuréttar en í eitt ár. Þar sem um hegningarauka er að ræða verður ökuréttarsvipting ákærða því ákveðin sex mánuðir frá 6. nóvember 2009 að telja, en þann dag rennur út tveggja ára ökuréttarsvipting ákærða samkvæmt framangreindum dómi.

Með vísan til 1. mgr. 165., sbr. 164. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talinn útlagðan kostnað vegna töku og rannsóknar blóð- og þvagsýna 73.723 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Stefáns Karls Kristjánssonar, hdl., sem þykja hæfilega ákveðin 186.750 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Karl Gauti Hjaltason, sýslumaður, flutti mál þetta fyrir hönd ákærvaldsins.

Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði Magnús Freyr Valsson, greiði 100.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 8 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í sex mánuði frá 6. nóvember 2009 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talinn útlagðan kostnað, 73.723 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Stefáns Karls Kristjánssonar, hdl., 186.750 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Hjörtur O. Aðalsteinsson